

Ed.

485. Nefndarálit

[148. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og notið til þess aðstoðar tollskrárnefndarinnar, er undirbjó frv. Allmörg erindi hafa nefndinni borizt frá ýmsum aðilum, er gert hafa athugasemdir við breytingar þær, er í frv. felast, og borið fram óskir um viðtækari breytingar á tollskránni. Hefur n. leitað umsagnar tollskrárnefndarinnar um öll þessi erindi. Hefur sú umsögn borizt, að því er flest erindin varðar, en fáein erindi eru þó enn til meðferðar hjá tollskrárnefnd, en umsögn hennar um þau er væntanleg, áður en málið kemur til 3. umr. í deildinni.

Nefndin flytur á sérstöku þingskjali brtt. við frv. í samræmi við þá afstöðu, er tollskrárnefndin hefur tekið til erindanna. Er hér um sameiginlegar till. fjhn. að ræða.

Að öðru leyti mælir meiri hl. n. með því, að frv. verði samþ. með þessum brtt., en tveir nm., þeir KK og HB, áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja frekari brtt. og munu skila séráliti.

Alþingi, 21. apríl 1964.

Ólafur Björnsson,
form., frsm.

Jón Þorsteinsson,
fundaskr.

Magnús Jónsson.